

Sent umhverfisnefnd Alþingis

Reykjavík 04. febrúar 2003
2003010011/016-1
JGO/hj

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64/1994 (404. mál)

Vitnað er til bréfs nefndarinnar dags. 7. janúar 2003 þar sem óskað er eftir álitni á frumvarpi til laga um sölu á rjúpu o. fl. (404. mál).

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins, en telur rétt að gera á því eftirfarandi breytingar.

Í 2. gr. frumvarpsins segir "Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir". Náttúrufræðistofnun telur að nota ætti sama orðalag og í gildi er um meðferð æðareggja, þ.e.a.s. að bæta orðunum "kaupa, gefa og þiggja" á eftir orðinu "selja".

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins mun bannið ekki ná til innfluttra rjúpna og rjúpnaafurða. Náttúrufræðistofnun Íslands leggst gegn þessari undanþágu þar sem að hún mun veikja sölubann á íslenskum rjúpum og bjóða upp á möguleika á að koma þeim á markað.

Stofnunin er fús til að veita nefndinni nánari skýringar ef þurfa þykir.

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

